

til eftirgrennslunar, leitar eða björgunar, skal hún þegar gera nauðsynlegar ráðstafanir, og hafa um þær samráð við alla þá aðila, er aðstoð geta veitt, við eftirgrennslan, leit eða björgun.

4. gr.

Náist ekki beint samband við landstöðvar, skal tilkynna um eftirlitsskip, sé það á miðunum, annars um önnur skip.

5. gr.

Fiskibátar, sem eigi eru búnir talstöðvum, skulu tilkynna viðkomandi eftirlitsstöð eða þeim, er hún tilnefnir, brottför sína, áformaðar ferðir og komu.

6. gr.

Stærð tilkynningarreita þeirra, sem um ræðir í 3. gr., ákvarðast af eftirlitsstöð í Reykjavík, og skal hún sjá um útgáfu og dreifingu reitakorta.

Sé reitakort ekki fyrir hendi, skal gefa staðarákvörðun í breidd og lengd.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum.

Reglugerð þessi, sem gefin er út samkvæmt lögum 17. maí 1968, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 24. maí 1968.

Eggert G. Þorsteinsson.

Kristinn Gunnarsson.

AUGLÝSING

um umferð í Siglufirði.

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 65. gr. umferðarlaga, nr. 26 1958, og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Siglufjarðar, hafa verið settar eftirfarandi reglur um umferð í Siglufjarðarkaupstað.

1. Aðalbrautir. Ákveðinn hefur verið aðalbrautarréttur á Aðalgötu, Gránugötu, Suðurgötu, Túngötu og Norðurgötu, þó þannig að umferð um Norðurgötu víki fyrir umferð um Aðalgötu og Gránugötu.
2. Einstefnuakstursgötur. Einstefnuakstur hefur verið ákveðinn á Aðalgötu, frá Túngötu að Tjarnargötu (ekið í austur), á Gránugötu frá Tjarnargötu að Suðurgötu (ekið í vestur), á Norðurgötu, frá Eyrargötu að Gránugötu (ekið í suður), og á Vetrarbraut, frá Gránugötu að Eyrargötu (ekið í norður).
3. Bifreiðastöður bannaðar. Bannaðar eru bifreiðastöður á Suðurgötu og Túngötu frá húsinu nr. 8 við Suðurgötu og að húsinu nr. 3 við Túngötu, beggja vegna götunnar.

Bifreiðastöður eru bannaðar hægramegin á einstefnuakstursgötum.

4. Vinstri beygja bönnuð. Vinstri beygja er bönnuð úr Túngötu inn í Þormóðsgötu, er ekið er norður Túngötuna, og úr Hvanneyrarbraut inn í Hliðarveg, er ekið er suður Hvanneyrarbraut.

5. Innakstur bannaður. Bannaður er allur akstur úr Þormóðsgötu inn í Hvanneyrarbraut til norðurs.

Þetta tilkynnist hér með öllum, sem hlut eiga að máli.

Bæjarfógetinn á Siglufirði, 26. maí 1968.

Elías I. Elíasson.

AUGLÝSING

um umferð í Húsavík.

Að fengnum tillögum bæjarráðs Húsavíkur og samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 26 frá 2. maí 1958 hafa verið settar eftirfarandi reglur um umferð á Húsavík:

I. Aðalbrautir:

1. Garðarsbraut,
2. Héðinsbraut,
3. Höfðabrekka frá Héðinsbraut að Höfðavegi,
4. Háhöfði til norðurs frá Höfðabrekku,
5. Hringbraut frá Héðinsbraut að hafnargarði,
6. Höfðavegur frá Hringbraut norður að öskurennu,
7. Stórigarður frá Ketilsbraut að húsinu nr. 6 við Stóragarð,
8. Ketilsbraut frá Vallholtsvegi að Garðarsbraut,
9. Ásgarðsvegur frá Garðarsbraut,
10. Mararbraut,
11. Hringbraut (syðri) frá Garðarsbraut,
12. Baughóll frá Hringbraut.

Götur, sem að aðalbrautum liggja, eru við vegamótin merktar biðskyldu- eða stöðvunarkerkjum.

II. Einstefnuakstur:

Túngata frá Uppsálavegi að Árgötu norður.
Bannað er að leggja bifreiðum hægra megin á Túngötuna.

III. Takmörkun á bifreiðastöðum:

Bifreiðastöður eru bannaðar á eftirgreindum götum eða götuköflum:

- a. Garðarsbraut frá Samkomuhúsinu að Vallholtsvegi.
- b. Á svæðinu milli Samkomuhússins og Verzlunarinnar Þingey við Garðarsbraut.

Lögreglustjórinn í Húsavík, 30. maí 1968.

Jóhann Skaptason.